

**Sp.**

### **341. Tillaga til þingsályktunar**

um rannsókn á þörf nýrra vega og brúa.

Flm.: Jónas Jónsson, Ingólfur Jónsson.

Alþingi ályktar að skora á ríkisstjórnina að láta fara fram næsta vor og sumar nákvæmar athuganir á þörf landsmanna til að fá lagða nýja vegi og byggðar brýr til að greiða sem bezt fyrir flutningi búvöru til kaupstaða, kauptúna og sjóþorpa, og fyrir aðflutningi frá sjávarsíðunni til heimila í sveit. Jafnframt ber að athuga samgöngubörfina í byggðum landsins í sambandi við póstferðir og mannflutninga, einnig þarfir orlofsfólks, þegar það leitast við að nota sumarleyfið til að heimsækja fagra staði, bæði í byggð og óbyggðum.

#### **Greinargerð.**

Mikil nauðsyn er til að greiða sem mest fyrir innanlandsflutningum bæði með búvöru og fiskmeti. Hefur Alþingi og ríkisstjórnin staðið að miklum framkvæmdum á því sviði á undanförunum árum, en víða þarf þó þar um að bæta. Hefur ekki tekizt að nota til vegagerða allt það fé, sem Alþingi hefur veitt í því skyni, og er full þörf á, að í því efni verði stefnubreyting. Hin hlið málsins veit að orlofsfólkinu. Nýlega samþykkt löggjöf um það efni skyldar þúsundir manna, jafnt konur sem karla, til ferða innanlands, því til hressingar og heilsubótar. Þykir mörgu af þessu fólki jafnánægjulegt að heimsækja fagra staði í örfum og óbyggðum eins og í sveitum. Má nefna í því efni hrifandi óbyggðir í Barðastrandarsýslu, Kjalveg, örfin milli Hofsjökuls og Vatnajökuls, Ódáðahraun og hið tilkomumikla land norðan Vatnajökuls frá Öskju um Herðubreið og austur að Snæfelli. Víða á þessum svæðum þarf litlu fé til að kosta til að gera fært bíl um hásumarið, þegar orlofsfólkið er í sumarleyfi. En þó að nauðsynlegt sé að rannsaka fyrst og fremst skilyrði til samgöngubóta í sveitum, má ekki gleyma hinni miklu þörf bæjarfólksins til að kynnast fegurð íslenskra auðna og örfæfa.